



Til: ina@hunathing.is

Efni: Re: Fw: Skipulagslýsing - Umsagnarbeiðni

Upplýsingar:

Sent: 24.01.2018 12:19:13 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018010032, Bréfalyklar: 42-8 Umsagnir um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2018010032

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá sveitarfélaginu Húnaþingi vestra, dags. 2. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026. Um er að ræða breytta legu Vatnsnesvegur 711 og nýtt brúarstæði yfir Tjarnará, ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matslýsinguna en um er að ræða breytta legu fyrrgreinds vegar á um 700 m kafla og áætlaða efnistöku u.þ.b. 29 þús. rúmmetra. Náttúrufræðistofnun telur að miðað við umfang og staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar þá sé í skipulags- og matslýsingu komið inn á flesta þá þætti sem þarf að skoða við frekari vinnslu á skipulaginu. Náttúrufræðistofnun bendir á að hægt er að sækja vistgerðakort í niðurhalsþjóstu, sjá <http://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> og <http://www.ni.is/grodur/vistgerdir>, og stiðjast má við eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almennarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 03.01.2018 10:09:15
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Skipulagslýsing - Umsagnarbeiðni

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 03.01.2018 10:09 -----

From: Ína B. Ársælsdóttir <ina@hunathing.is>
To: 'Skipulagsstofnun' <skipulag@skipulag.is>, "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "upplýsingar@ferdamalastofa.is" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>, "Sigurjon (sigurjon@hnv.is)" <sigurjon@hnv.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Cc: Guðný Hrund Karlsdóttir <gudny@hunathing.is>, "skipulagsfulltrui@hunathing.is" <skipulagsfulltrui@hunathing.is>
Date: 02.01.2018 16:04
Subject: Skipulagslýsing - Umsagnarbeiðni

**"Breytt lega Vatnsnesvegur um Tjarnará og ný efnistökusvæði.
Umsagnarbeiðni vegna skipulagslýsingar um minni háttar breytingar á aðalskipulagi
Húnaþings vestra 2014-2026 .**

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á 292. fundi sínum þann 14. desember 2017 að leita umsagna og kynna skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 eins og 1. mgr. 30. gr og 36 gr. skipulagslaga mæla fyrir um. Ástæða aðalskipulagsbreytingarinnar er breytt lega Vatnsnesvegur 711 og nýtt brúarstæði yfir Tjarnará, ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Skipulagslýsingin hefur verið auglýst í Sjónaukanum (héraðsblaði) og á heimasíðu Húnaþings vestra.

Hægt er að skoða gögnin á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Þá liggur skipulagslýsingin frammi í Ráðhúsi Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana er hér með óskað eftir umsögnum um ofangreinda lýsingu, sem skulu berast í síðasta lagi 25. janúar 2018 á netfangið skrifstofa@hunathing.is

Húnaþing vestra, 2. janúar 2018
Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Bestu kveðjur

Ína Björk

*Ína Björk Ársælsdóttir
Umhverfisstjóri Húnaþings vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga*